

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 12. apríl 2002

Dagskrá aðalfundar er skv 9. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa er eftirfarandi:

1. Stjórn félagsins gerir grein fyrir störfum félagsins.
2. Félagsstjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Lagabreytingar.
4. Umræður um álit nefnda og afgreiðslu mála.
5. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
6. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
7. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Kennaraháskóla Íslands 20. apríl 2001. Á fundinum gaf formaður félagsins ekki kost á sér til endurkjörs. Aðeins einn stjórnarmeðlimur FNS gaf kost á sér til endurkjörs og báðir varamenn. Fræðslunefndin öll gaf kost á sér áfram.

Svandís Ingimundar, Tækniskóla Íslands, var kjörin formaður FNS. Ragnheiður Bóasdóttir, Fjölbrautaskóla Ármúla, gaf kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn en aðrir stjórnarmeðlimir voru kosnir:

Helga Valtýsdóttir, Hvaleyarskóla, var áður í varastjórn,

Hrönn Baldursdóttir, Fellaskóla,

María Dóra Björnsdóttir, Háskóla Íslands.

Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, gaf kost á sér til áframhaldandi setu í varastjórn og Guðrún Snorradóttir í Lindaskóla var einnig kosin til vara.

Í fræðslunefnd gáfu kost á sér áfram þær:

Helga Eysteinsdóttir á Vinnumiðlun Reykjavíkurborgar, Magnea Ingólfssdóttir í Menntaskólanum í Kópavogi og Sigurjóna Jónsdóttir í Iðnskólanum í Reykjavík.

Endurskoðendur voru kosnir Bjarni Guðlaugsson og Björg Birgisdóttir.

Til vara Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gengu Arnfríður Ólafsdóttir, Ólafur Finnbogason, Sigríður Bílddal og Una Bjarnadóttir. Eru þeim þakkað kærlega fyrir vel unnin störf í þágu Félags náms- og starfsráðgjafa.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt. Ragnheiður Bóasdóttir, varaformaður, Helga Valtýsdóttir, gjaldkeri, Hrönn Baldursdóttir, ritari og María Dóra Björnsdóttir, meðstjórnandi. Stjórnin hélt 14 stjórnarfundum alls á liðnu starfsári. Fræðslunefnd var boðuð á alla stjórnarfundum og varastjórn hvött til að sækja þá einnig. Gestir sem boðaðir voru á stjórnarfundum voru Bryndís Guðmundsdóttir og Krístrún Guðmundsdóttir frá ritnefnd FNS og Anna Sigurðardóttir, Hrafnhildur Tómasdóttir og Toby Herman vegna undirbúnings 20 ára afmælishátíðar FNS. Garðar Vilhjálmsson frá

Efningu stéttarfélagi, kom til að kynna Evrópuverkefni um náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglaert verkafólk, sem þeir eru aðilar að og Bjarni Kristjánsson frá Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf var boðaður á fund í tengslum við haustnámskeiðshald FNS.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

- Skipulagning og framkvæmd afmælishátíðar FNS í tilefni af 20 ára afmæli félagsins (fylgiskjal 1)
- Önnur verkefni tengd afmælisári
 - námsstefnuhald
 - þátttaka í Viku símenntunar (fylgiskjal 4)
 - greinaskrif
- Beiðni FNS um að félagsmenn þess í FG og FF myndi sérfélag innan vébanda Kennarasambands Íslands (sjá fylgiskjal 2a og 2b) – Þing Kennarasambands Íslands
- Beiðni FNS til menntamálaráðuneytis um lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa og breytingar á reglugerð nr.5/2001 um kennslureynslu/-réttindi náms- og starfsráðgjafa á framhaldsskólastigi (fylgiskjöl 3a, 3b, 3c og 3d).
- Kjara- og hagsmunamál
 - Þing Kennarasambands Íslands
- Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
- Siðaviðmið fyrir náms- og starfsráðgjafa
- Félagsmál
 - netfangalisti FNS og skráning félagsmanna í FNS
 - nemar í námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Samræmt skráningarkerfi
- Starfslýsingar
- Heimasíða FNS
 - gagnabanki
- Önnur mál
 - Niðurstöður Netþings umboðsmanns barna með unglíngum er snúa að náms- og starfsráðgjöfum
 - Staða mála við stöðlun á SDD eða Leitaðu sjálfur að starfi
 - Norrænt samstarf og ráðstefnur

Hér á eftir verður, í stuttu máli, fjallað um hvert efni fyrir sig og þau nefndastörf sem fóru í gang í kringum flest þessara viðfangsefna stjórnar.

Afmælishátíð FNS - nefnd

Þann 16. desember árið 1981 var Félag íslenskra námsráðgjafa stofnað sem síðar hlaut nafnið Félag náms- og starfsráðgjafa. Ástæða þótti til að halda veglega upp á þessi tímamót og sett var á laggirnar afmælisnefnd er undirbúa skyldi afmælishátíð FNS. Í henni áttu sæti Anna Sigurðardóttir, Guðrún Snorradóttir, Hrafnhildur Tómasdóttir og Toby Herman. Þann 14. desember var svo blásið til afmælishátíðar FNS í húsi Ferðafélags Íslands í Mörkinni og þótti hún takast mjög vel í alla staði. Dagskráin var vel skipulögð með mat, drykk og skemmtiatriðum (fylgiskjal 1) og skemmtu gestir, sem voru um 80 talsins þ.m.t. menntamálaráðherra og frú og fræðslustjóri Reykjavíkur, sér vel fram á nótt. Góðar gjafir og kveðjur bárust félaginu á þessum tímamótum og má þar nefna veglega blómakörfu og kveðjur frá Félagi framhaldsskóla, gestabók og penna frá Námsráðgjöf Háskóla Íslands, sérlega

glæsilega blómaskreytingu með góðum framtíðaróskum frá Námi í námsráðgjöf við HÍ og blóm og kveðjur frá einum er sat í fyrstu stjórn félagsins, Andrés Magnússyni, en hann var einnig sérstakur boðsgestur stjórnar. Er afmælisnefnd þökkud sérstaklega vel unnin störf og fyrir ógleymanlega afmælishátíð FNS.

Á afmælisári – nefndir

Ýmisleg hefur komið til tals í tengslum við afmælisár félagsins, má þar m.a. nefna námsstefnuhald og greinaskrif félagsmanna til að vekja athygli á starfsvettvangi náms- og starfsráðgjafa.

Námsstefnuhald og þátttaka í Viku símenntunar. Haldinn var fundur í janúar í þeim tilgangi að setja saman undirbúningsnefnd. Á þann fund voru boðaðir, auk 3ja félagsmanna í FNS, Garðar Vilhjálmsson, fulltrúi frá Eflingu, Bjarni Kristjánsson frá Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf og Stefanía Karlsdóttir frá Mennt. Hugmyndin var sú að þessir aðilar, og jafnvel fleiri hagsmunaaðilar, kæmu sameiginlega að námsstefnu. Í ljós kom að haustið væri heppilegasti tíminn til námsstefnuhalds og þá í tengslum við Viku símenntunar. Í dag er staðan sú að FNS hefur sent 18 manna undirbúningshópi Viku símenntunar bréf (sjá fylgiskjal 4) þar sem farið er fram á þáttöku FNS í því undirbúningsstarfi. Hugmynd FNS að meginþema Viku símenntunar hefur þróast í þá átt að vekja athygli á nauðsyn ráðgjafarseturs í náms- og starfsráðgjöf fyrir alla, bæði, nemendur í grunn-, framhalds- og háskóla, brottfallsnemendur, sérhæft starfsfólk stofnana og fyrirtækja o.fl. Fyrirmyndir að slíku setri má sjá víða í öðrum löndum og hagsmunaaðila, er kæmu að rekstri þess, er að finna nánast alls staðar, hjá heildarsamtökum atvinnulífsins og hjá fræðslu- og félagsmálayfirvöldum. Aðalatriðið er að slíkt setur verði aðgengilegt hverjum sem notfæra vill sér þjónustuna. Hugmynd stjórnar og fræðslunefndar FNS er að setja á fót vísi að slíkri miðstöð í Viku símenntunar í haust, þar sem aðalsvæðið verður. Vitað er að undirbúningshópnum hefur verið kynnt bréf stjórnar FNS og vel hefur verið tekið í þær hugmyndir sem þar voru settar fram. Þær bíða frekari umfjöllunar á næsta fundi hópsins. Í nefnd FNS fyrir þetta verkefni eru Ragnheiður Bóasdóttir og María Dóra Björnsdóttir. Þá verður Svandís Ingimundar þeim innan handar eftir að Guðrún Snorradóttir, sem var aðalhvatamaðurinn, baðst undan frekari störfum að þessu vekefni þar sem hún hefur nú tekið sæti í stjórn FG auk þess að vera varamanneskja í stjórn FNS. Er henni þakkað kærlega fyrir það starf sem hún hefur innt af hendi við að afla verkefninu brautargengis hjá framkvæmdastjóra Menntar.

Greinaskrif. Ritnefnd hefur verið starfandi í FNS frá hausti 2000. Hana skipa þær Bryndís Guðmundsdóttir og Krístrún Guðmundsdóttir. Þær sendu sérvöldum hópi félagsmanna beiðni um að skrifa grein er fjallaði um starfsvettvang þeirra til upplýsingar fyrir almenning. Ákveðið var, í tilefni afmælisárs, að hvetja félagsmenn alla til skrifa auk þess sem frekari hvatning var send út á fyrri hóp. Hafði ritnefnd samband við blaðamann á Mbl. um móttöku og birtingu greina af þessu tilefni og var því vel tekið. Skemmst er frá því að segja að greinar tóku að birtast eftir náms- og starfsráðgjafa sem vöktu athygli, m.a. kom það fram í máli menntamálaráðherra á afmælishátíð félagsins að hann hefði fylgst vel með greinaskrifum félagsmanna. Er ritnefndinni þakkað fyrir gott starf og félagsmenn hvattir áfram til að láta ljós sitt skína á ritvellingum til kynningar á mikilvægum starfsvettvangi okkar.

Sérstakt félag náms- og starfsráðgjafa innan Kennarasambands Íslands – nefnd

Á stofnþingi Kennarasambands Íslands, sem haldið var í nóvember 1999, var tekin fyrir beiðni frá FNS fyrir hönd félagsmanna þeirra í Félagi grunnskólakennara og Félagi framhaldsskólakennara um stofnun sérfélags innan KÍ (fylgiskjal 2a og 2b). Var samþykkt að kjósa þriggja manna nefnd til að fjalla um umsókn FNS. Nefndarmenn máttu ekki vera félagsmenn FNS. Í nefndinni sátu Sigurður Ingi Andrússon, Anna María Gunnarsdóttir og Ingibergur Guðmundsson. Þau fengu til samstarfs við sig fulltrúa FNS, sem voru Rannveig Óladóttir, Sigríður Bílddal og Sigrún Ágústsdóttir. Nefndin hélt fjóra fundi og var niðurstaða hennar að ekki væri rétt að stofna sérfélag en þess í stað þyrfti að tryggja félaginu aðkomu að samningamálum og öðrum hagsmunamálum innan FG og FF.

Á aðalfundi FG var samþykkt lagabreyting sem hljóðar svo:

“Samninganefnd hefur samráð við fagfélög félagsmanna við undirbúning kröfugerðar og kallar eftir atvikum á fulltrúa þeirra til ráðgjafar við samningagerðina”.

Náms- og starfsráðgjöfum er afar mikilvægt að gerður verði skýr greinarmunur á starfsvettvangi þeirra, annars vegar, og kennara hins vegar og sérstöðu þeirra markaður skýr vettvangur innan KÍ sem og annars staðar þar sem félagsmenn FNS er að finna. Stjórn Kennarasambands Íslands hefur ekki enn fjallað um tillögur nefndarinnar né þær borist stjórn FNS en ljóst er orðið að ekki verður um sérfélag yrði ekki að ræða. Samþykkt voru ný lög á nýafstöðnu þingi KÍ sem m.a. kemur í veg fyrir að svo geti orðið í bili en þar kveður á um lágmarksfjölda félagsmanna (200) í sérfélögum innan KÍ.

Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa og breyting á reglugerð – nefnd

Á aðalfundi FNS 20. apríl 2001 var samþykkt bréf frá FNS til menntamálaráðherra er fól í sér tvö erindi: 1. Breytingu á reglugerð nr.5/2001 og 2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa (fylgiskjal 3a, 3b, 3c, 3d). Fylgdi nýkjörinn formaður FNS, Svandís Ingimundar, og Toby Herman, námsráðgjafi í MR því eftir með fundi hjá menntamálaráðherra 23. maí 2001, en Toby hefur haft frumkvæði að þessu máli og þakkar stjórn FNS henni sérstaklega fyrir það. Ráðherra tók vel í breytingu á reglugerðinni, þ.e. að niður yrði felld klausan um að námsráðgjafi í framhaldsskóla þyrfti að hafa annað hvort kennsluréttindi eða kennslureynslu á því skólastigi til að fá starfsleyfi við skólann. Lögverndunarmálið yrði erfiðara viðfangs og tengdi hann það fyrst og fremst lögverndun á starfsheiti kennara og því sem fylgt hefur í kjölfar hennar. Þann 18. júní barst bréf frá ráðuneytinu þar sem fram kemur að erindi félagsins séu í vinnslu en lítið gerðist í framhaldinu. Toby og Svandís fengu því fund með Karli Kristjánssyni og Aðalsteini Eiríkssyni til að ýta á eftir þessari vinnu og skýra frekar sjónarmið FNS. Þá hefur samstarfsnefnd menntamálaráðuneytis og KÍ komið að umfjöllun um breytingar á reglugerðinni og komið að athugasemdum. Ekki er niðurstaða fengin í þessi erindi þegar þetta er skrifað, en málinu verður haldið vakandi.

Kjara- og hagsmunamál – nefnd

Kjara- og hagsmunanefnd FNS lagði fram sameiginlega kröfugerð sem byggði á niðurstöðum vinnuhópa sem störfuðu á félagsfundi FNS í september 2000.

Í kröfugerðinni voru lagðar fram eftirfarandi kröfur með rökstuðningi:

1. Námsráðgjafar grunnraðist í launaflokka á eigin forsendum, með sérstaka launaflokkaröðun töflu.

2. Fullt starf námsráðgjafa miðast við 300 nemendur. Ef nemendafjöldi fer yfir 300 komi til sérstakar álagsgreiðslur.
3. Fastar yfirvinnugreiðslur komi vegna ófyrirséðrar vinnu.
4. Námsráðgjafar eigi rétt á handleiðslu a.m.k. eina klst. hálfmánaðarlega.

Kröfugerðin var kynnt í samninganefndum FF og FG og síðan sátu Ragnheiður og Sigríður fundi samninganefndar FF en fulltrúar grunnskólans voru aðeins einu sinni kallaðir á fund vegna samnings FG. Það var þegar samningurinn var á lokastigi. Fulltrúarnir fengu þá upplýsingar um helstu atriði í samningnum sem sneru að námsráðgjöfum, en gátu ekki fengið að lesa samninginn yfir.

Samningur FG fól í sér sérstaka röðun í launaflokka fyrir námsráðgjafa eins og farið var fram á í kröfugerðinni og viðbótarhækkanir koma síðan til vegna framhaldsmenntunar, endurmenntunar og sérstakrar röðunar vegna verkaskiptingar og færni. Varðandi síðasta liðinn voru á tímabili ákveðnar efasemdir uppi um að þetta ákvæði gildi fyrir námsráðgjafa vegna misskilnings í túlkun nokkurra skólastjóra. Var sá misskilningur leiðréttur og ekki hefur heyrst annað en að námsráðgjafar í grunnskólum hafi notið hækkana í samræmi við þetta ákvæði.

Í kjaraviðræðum framhaldsskólans var frá upphafi gengið út frá því að námsráðgjafar yrðu í C-ramma. Fulltrúar námsráðgjafa í samninganefnd voru þess fullvissir að þeim skyldi raðað frekar í C-ramma heldur en B-ramma, sem var öruggari kostur. Sú röðun væri líklegri til framgangs og röðun námsráðgjafa á eigin forsendum.

Í upphafi ársins 2001 var haldinn fundur með fulltrúum skólastjórnenda og námsráðgjafa um tilhögun samningagerðar í framhaldsskólum. Þar mættu fyrir hönd FNS Arnheiður Gílgja Guðmundsdóttir úr Flensborg, Kristján Guðmundsson úr Kvennaskólanum og Ragnheiður Bóasdóttir úr FÁ. Sá fundur var fróðlegur um margt en gaf þó ekki fyrirheit um að róðurinn yrði auveldur fyrir námsráðgjafa. Ekki varð framhald á samstarfi þessa hóps en send voru út bréf til námsráðgjafa í framhaldsskólum með hagnýtum upplýsingum.

Í upphafi ársins 2002 komu fram óskir frá félagsmönnum FNS að kjara- og hagsmunanefndin héldi áfram störfum enda var víða pottur brotinn í samingagerð þeirra við stjórnendur skóla. Var brugðist við með því að send voru hvatningarbréf til námsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum þar sem undirstrikað var mikilvægi þess að starfssvið væri skýrt og sundurliðað til að auvela fólki að staðsetja sig í launaflokkaröðun. Jafnframt var gefinn kostur á að leita upplýsinga hjá nefndinni ef þörf væri á. Stefnt er að því að í apríl eða maí næst komandi verði kallað eftir upplýsingum um röðun námsráðgjafa og gengi í samingagerð í samráði við Kennarasamband Íslands.

FNS barst bréf frá formanni skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara (FF) dagsett 5.apríl s.l. (fylgiskjal 4) þar sem stjórn félagsins er beðið um að tilnefna einn fulltrúa í skólamálanefnd FF. Er vitnað í bréfinu til 16. greinar laga FF, sem samþykkt voru á aðalfundi 7. mars s.l. Sjá má af þessu að náms- og starfsráðgjafar eru að verða sífellt sýnilegri og áhrifameiri faghópur á starfsvettvangi og er það vel.

Í kjara- og hagsmunanefnd starfa Ragnheiður Bóasdóttir og Sigríður Bílddal fyrir námsráðgjafa í framhaldsskólum og Hrönn Baldursdóttir og Sigrún Ágústsdóttir fyrir námsráðgjafa í grunnskólum. Þakkar stjórn FNS þeim kærlega fyrir það ötula starf sem þær hafa unnið í þágu félagsmanna.

Þing Kennarasambands Íslands og FNS

Þing KÍ var haldið 15. og 16. mars s.l., það fyrsta eftir stofnþing sambandsins 1999 þar sem sérfélagsbeiðni FNS var lögð fram. Nú er náms- og starfsráðgjafa getið sem sérstaks

faghóps innan KÍ og um þeirra málefni sérstakar klausur í skólastefnu og kjarastefnu beggja félaganna sem náms- og starfsráðgjafar á þessum skólastigum tilheyra. Það eru Félags framhaldsskólakennara og Félags grunnskólakennara og eins eiga nú félagsmenn FNS sinn sess í heildarstefnu KÍ. Þetta er merkur áfangi sérstaklega í ljósi þess að náms- og starfsráðgjafar hafa háð nokkurs konar ímyndarbaráttu innan KÍ undanfarin ár. Það hefur gjarnan verið talað um okkar faghóp í sömu andrá og sérfélög ýmissa kennara s.s. sérkennara og íþróttakennara en með nýrri stefnumótun KÍ er það liðin tíð. Við, í stjórn FNS, erum því afar þakklát okkar fólki sem stóð í ströngu á aðalfundum FF og FG og kom okkar sjónarmiðum á framfæri þar og á þingi KÍ. Við þökkum Guðrúnu Snorradóttur, Sigrúnu Ágústsdóttur, Sigríði Bílddal, Gísla Baldvinsyni, Valborgu Baldvinsdóttur Ragnheiði Bóasdóttur og Lenu Rist sérstaklega fyrir þeirra framgöngu. Þess má geta að Guðrún Snorradóttir er nú komin í stjórn Félags grunnskólakennara og á því er enginn vafi að það mun enn frekar auka hróður okkar innan KÍ.

Fræðslunefnd

Um starfssvið fræðslunefndar er getið í 13. grein laga félagsins, en þar segir:

“Fræðslunefnd skal skipuð þremur mönnum. Starfssvið hennar er að sjá um útgáfu fréttabréfs og vinna að fræðslumálum í samráði við stjórn félagsins.”

Í haust lét Helga Eysteinsdóttir af störfum í fræðslunefnd vegna barnsburðaleyfis og í hennar stað kom Fjóra María Lárusdóttir sem starfar hjá Menningar- og fræðslusambandi alþýðu. Þakkar stjórn FNS Helgu kærlega fyrir hennar störf í fræðslunefndinni og óskar henni til hamingju með barnið.

Skutlan er fréttabréf Félags náms- og starfsráðgjafa og sér fræðslunefnd um útgáfu þess. Á árinu komu út þrjár Skutlur og voru þær allar sendar út rafrænt og það hefur reynst afar vel. Fræðslunefnd hefur verið boðuð á alla stjórnarfundum og hefur fulltrúi nefndarinnar setið flesta fundi.

Fræðslufundir og stefnumót. Þar sem Kennarasambandið hefur ekki sömu aðstöðu til fundahalds í húsi sínu og áður hefur FNS lent í smá vanda þennan vetur með húsnæði fyrir fræðslufundi.

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var haldinn 28. september í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur. Hróbjartur Árnason, kennslufræðingur fullorðinna, fjallaði um notkun hugkorta með aðstoð forritsins Mind Mapping og var fundurinn vel sóttur.

22. október var stefnumót félagsins við nýútskrifaða námsráðgjafa haldið í Skólalabæ og voru tvö lokaverkefni í námsráðgjöf H.Í. kynnt. Annað var *“Könnun á hugmyndum og væntingum nemenda til starfa námsráðgjafa í framhaldsskólum”* eftir Agnesi Ósk Snorradóttur, Eddu Björk Viðarsdóttur, Ernu Jóhannesdóttur, Kolbrúnu Björnsdóttur og Kristjönu Katrínu Þorgrímsdóttur. Hitt verkefnið var *“Könnun á vímuefnaneyslu ungs fólks, líðan þess og framtíðaráformum”* eftir Björk Einisdóttur, Bryndísi Jónu Jónsdóttur, Svandísi Sturludóttur og Þóru Stephensen.

Hinn hefðbundi jólafundur sem félagið hefur haldið í desember var ekki haldinn að þessu sinni þar sem haldið var upp á 20 ára afmæli FNS þann 14. desember með glæsilegri afmælishátíð. Þann 11. febrúar var haldinn fræðslufundur í Húsi Samtaka iðnaðarins um vefinn idan.is. Á sama fundi hélt Fjóra María Lárusdóttir fræðsluerindi um lokaritgerð sína sem fallar um persónuleika náms- og starfsráðgjafa út frá kenningu Hollands. Hún sagði einnig frá námi sínu við ríkisháskólann í Kaliforníu. Þessi fundur var fjölsóttur og er forsvarsmönnum Samtaka iðnaðarins þökkðu afnotin af fundaraðstöðu þeirra.

Þann 14. mars var félagsmönnum boðið til fræðslufundar í Fjölsmiðjuna í Kópavogi þar sem Þorbjörn Jensson tók á móti hópnum og kynnti starfsemina. Að þeirri heimsókn

lokinni var haldið í Menntaskólanum í Kópavogi og hlustað á erindi sem Eyþór Eðvarsson vinnusálfræðingur hélt og bar heitið “*Breytingar í vinnuumhverfi í nútíð og framtíð*”.

Endurmenntunarnámskeið. Námskeiðið “*Samskiptahæfni í vinnuumhverfi*” var haldið í janúar og febrúar. Þurfti að halda tvö námskeið vegna fjölda þátttakenda en þeir voru alls 35. Hvort námskeið stóð í tvo daga. Á námskeiðinu var fjallað um aðferðir til að byggja upp sjálfstyrk og auka á hæfni til að ráða við flókin samskipti á vinnustöðum og við aðrar kringumstæður. Sálfræðingarnir Guðfinna Eydal og Álfheiður Steinþórsdóttir voru leiðbeinendur og fóru námskeiðið fram í húsnæði Námsflokka Reykjavíkur. Þakkar FNS Námsflokkum Reykjavíkur fyrir afnot af húsnæði þeirra.

Félagsfundur

Félagsfundur FNS var haldinn í Kennarahúsinu 11.maí í fyrra, að ósk félagsmanna sem störfuðu í sérfélagsnefnd FNS, og var markmið fundarins að fá umræðu meðal félagsmanna um beiðni FNS um sérfélag innan KÍ. Rætt var við forystumenn Kennarasambands Íslands um að koma til þessa fundar við félagsmenn FNS og skýra afstöðu sína en enginn þeirra sá sér það fært. Ljóst þótti að sérfélagsbeiðnin myndi ekki fá mikinn hljómgrunn innan KÍ-nefndarinnar. Var samin ályktun til stjórnar KÍ (fylgiskjal nr.2b) sem ítrekaði nauðsyn þess að námsráðgjafar fái áheyrnarfulltrúa inn í samninganefndir og aðkomu að kjarasamningagerð þegar kemur að umfjöllun um málefni þeirra..

Vinnufundur

Haldinn var vinnufundur 11. júní s.l. í framhaldi af námskeiðinu “*Styrkari staða*”, sem haldið var fyrir félagsmenn FNS í lok mars. Fyrir vinnufund höfðu þær Guðrún Snorradóttir, Arnfríður Ólafsdóttir og Ragnheiður Bóasdóttir farið yfir niðurstöður námskeiðsins og tillögur að áframhaldandi vinnu með þær. Námskeiðið var afar gagnlegt og mörg viðfangsefni sem vinna skyldi áfram. Nokkrir vinnuhópar störfuðu og var það mál manna að nauðsyn væri á frekari úrvinnslu hugmynda og færi vinna í gang við að útfæra m.a. spurningalista til hagsmunaaðila náms- og starfsráðgjafa, starfslýsingar og kjarnagildi sem hafa má til hliðsjónar við útfærslu siðaviðmiða fyrir náms- og starfsráðgjafa. Mismunandi er hvar þessi vinna er á vegi stödd í dag.

Siðaviðmið/siðareglur náms- og starfsráðgjafa – óformlegur vinnuhópur

Nefnd um siðareglur sem starfaði á tíma fyrri stjórnar skilaði af sér tillögum til hennar í janúar 2001. Vísaði þáverandi stjórn málinu áfram til nýrrar stjórnar sem ákvað að áframhaldandi vinna færi fram með þetta mikilvæga málefni. Ástæða þótti m.a. til að skoða tillögurnar í samhengi við niðurstöður vinnu á námskeiðinu Styrkari staða, en þar var komið inn á ákveðin siðferðileg gildi sem einkenna starf náms- og starfsráðgjafa. Því starfi var aldrei formlega hleypt af stokkunum en Ólafur Finnbogason, Rannveig Óladóttir og Toby Herman hafa aðeins komið að málinu og er þeim þakkað fyrir það. Næsta skref stjórnar verður að skipa formlega nefnd er vinna mun áfram að því að móta siðaviðmið fagstéttar okkar enda þeirra mikil þörf. Stjórn FNS þykir sérstaklega mikilvægt að taka þann tíma í þessa vinnu sem nauðsyn krefur svo allir félagsmenn geti fallist á að vinna samkvæmt þeim tillögum sem vonandi að lokum geta hlotið samþykki allra. Þeir sem áhuga hafa á að koma að þessu máli ættu að gefa sig fram við stjórn hið fyrsta. Mikilvægu starfi, sem leiddi til góðra tillagna, hefur fyrri nefnd nú lokið, og verður það grundvöllur áframhaldandi vinnu.

Félagsmál

Félagatal og netfangaskrá FNS. Umræða hefur verið í stjórn FNS í vetur um félagatalið og afskráningu þeirra félaga sem ekki hafa greitt félagsgjald s.l. 2 ár. Ákveðið var að fresta þessari aðgerð þar til eftir áramót. Farið verður yfir listann í vor og hann grisjaður. Þá hefur komið upp sú hugmynd að hafa tvenns konar póstlista, annan fyrir fullgilda félagsmenn og hinn fyrir þá sem fá fréttir af starfi félagsins með Skutlunni. Héldist þetta í hendur við þá umræðu að félagið yrði eingöngu fyrir starfandi náms- og starfsráðgjafa, nema í námsráðgjöf og þá sem hafa tilskylda menntun á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. grein laga FNS. Sigríður Bílddal hefur haldið utan um félagatal og netfangaskrá FNS og er henni þakkað kærlega fyrir þetta mikilvæga starf í þágu félagsmanna.

Nemar í námsráðgjöf. Skv. 5. grein laga FNS geta nemar í námsráðgjöf orðið aukafélagar í FNS. Var sú ákvörðun tekin í stjórn að formaður félagsins heimsækti nema í námsráðgjöf, kynnti þeim félagið og byði þeim aukafélagsaðild. Formaðurinn heimsótti nemana í október s.l. og sendi fjarnámsnemendum bréf með sambærilegum upplýsingum. Þessi hópur er nú félagsmenn í FNS með aukafélagsaðild.

Nýútskrifaðir náms- og starfsráðgjafar fá sent bréf í pósti frá formanni FNS þar sem þeim er óskað til hamingju með útskrift og gefið barmmerki félagsins og ársskýrsla af því tilefni. Auk þess eru þeir boðnir velkomnir í FNS sem fullgildir félagsmenn.

Samræmt skráningarkerfi - nefnd

Töluverð umræða hefur spunnist um samræmt skráningarkerfi meðal félagsmanna og þá gjarnan í samhengi við gerð ársskýrslna, til að auðvelda samanburð og auka hagræði í störfum náms- og starfsráðgjafa. Sett var á laggirnar nefnd sem hóf að vinna að þessu máli s.l. haust. Hana skipuðu Helga Valtýsdóttir, Hvaleyarskóla, María Dóra Björnsdóttir HÍ, Ragnheiður Bóasdóttir, FÁ og Toby Herman MR. Kynnti nefndin sér skráningarkerfi sem lofaði góðu en átti eftir að finnússa svo unnt væri að prufukeyra það. Til stóð að nefndarmenn tækju það að sér í vetur en af óviðráðanlegum orsökum gat kerfishönnuðurinn ekki afhent fullbúið kerfi eins og til var ætlast og tefst því verkefnið. Engu að síður er nefndin nú að skoða annað kerfi sem nokkrir námsráðgjafar, í grunnskólanum, hafa verið að vinna með og verður þess varla langt að bíða að mat nefndarinnar liggi fyrir um það kerfi.

Starfslýsingar náms- og starfsráðgjafa.

Umræða um starfslýsingar hefur farið fram innan stjórnar FNS og meðal félagsmanna á póstlista FNS. Full ástæða þykir til að skoða samræmda starfslýsingu fyrir félagsmenn er tæki mið af þeirri tillögu sem fram kemur í nefndarálitni menntamálaráðuneytisins frá 1998 í skýrslunni Um eflingu náms- og starfsráðgjafar. Eðlilegt þykir að félagið komi að samningu starfslýsingar, en í vetur bærust þær fréttir frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur að þar ætti að setja á laggirnar starfshóp sem m.a. hefði þetta verkefni með höndum. Haldinn var samráðsfundur 28. febrúar 2002 um málið og mun stjórn FNS fylgjast með framvindu mála og leggja til að starfslýsingar til viðmiðunar verði lagðar fram fyrir öll skólastig og aðrar stofnanir þar sem félagsmenn vinna.

Heimasíða FNS

Á síðasta aðalfundi FNS tilkynnti þáverandi formaður að heimasíða félagsins hefði nú loks litið dagsins ljós. Almenn ánægja hefur verið með tilkomu heimasíðunnar og gagnsemi hennar og frekari nýtingarmöguleikar verið ræddir í stjórn FNS. Meðal þess sem rætt hefur verið um og framkvæmt hefur verið, er að hafa alltaf nýjustu ársskýrslu félagsins og

fréttabréf aðgengilegt á heimasíðu, sem og allar upplýsingar um námskeið og fræðslufundi. En fleira hefur komið til tals.

Gagnabanki. Í vetur kom upp sú hugmynd innan stjórnar FNS að setja upp aðgengilegan gagnabanka inn á heimasíðuna. Sá banki hefði að geyma fjölbreyttar upplýsingar fyrir náms- og starfsráðgjafa, aðgengi að ýmsum hagnýtum gögnum og mælitækjum, krækjum inn á áhugaverðar síður o.fl. gagnlegt. Félagsmenn FNS eru beðnir um að koma upplýsingum á framfæri við stjórn FNS, finni þeir áhugaverðar krækjur eða önnur gögn sem ástæða þykir til að bæta inn í gagnabankann.

Fyrsta skrefið í þessa átt hefur nú þegar verið stigið. Inn er komin krækja á heimasíðu Guðmundar Arnkelssonar, lektors við HÍ, en hann hefur haldið lista yfir lokaverkefni nema í námsráðgjöf við Háskóla Íslands og uppfært hann reglulega. Til stendur að bæta við útdráttum úr öllum lokaverkefnum svo auðveldara reynist að átta sig á innihaldi og áherslum í verkefnum og *eru hlutadeigandi lokaverkefniseigendur beðnir um að skila útdráttum á tölvutæku formi* til Maríu Dóru Björnsdóttur (mdb@hi.is) í Háskóla Íslands. Að þessari vinnu stóðu Anna Kristín Halldórsdóttir og María Dóra Björnsdóttir og er þeim þakkað kærlega fyrir þeirra framlag.

Styrkir til FNS.

Á þessu starfsári hefur FNS fengið vilyrði fyrir 200.000 króna styrk frá Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara til að greiða þáttöku 20 námsráðgjafa úr framhaldsskólum á haustnámskeið félagsins. Verið er að leggja drög að námskeiði í tengslum við ráðgjöf í fjölmeningarsamfélagi í samstarfi við Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf.

Samkvæmt samningi FNS og menntamálaráðuneytis frá 31. október 2001 (fylgiskjal 5), leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir einum mánaðarlaunum í launaflokki B09 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins. Í fyrri stjórnnum FNS hefur komið upp umræða um að umbuna ætti formanni félagsins með einum eða öðrum hætti fyrir störf hans en ekki verið komist að niðurstöðu um með hvaða hætti fyrr en núna. Stjórn ákvað að þessu sinni að helmingur styrkfjárhæðar menntamálaráðuneytisins rynni til formanns, ríflega 100.000 krónur.

Önnur verkefni

Netþing Umboðsmanns barna.

Athygli félagsmanns FNS, Lenu Rist, var vakin er hún heyrði útvarpsviðtal við unglunga sem sátu netþing Umboðsmanns barna og kom hún upplýsingum til stjórnar FNS. Þar ræddu unglingarnir m.a. um þörfina fyrir trúnaðarmann innan framhaldsskólans fyrir nemendur og fleira er lýtur að störfum námsráðgjafa. Í kjölfarið funduðu formaður og varaformaður FNS auk Lenu Rist námsráðgjafa í Borgarskóla með umboðsmanni barna, Þórhildi Líndal, um netþingsályktanir unglinganna eru sneru beint að störfum námsráðgjafa (fylgiskjal 6). Í þeim kom m.a. fram að framhaldsskólanemum þykir á stundum að námsráðgjafinn sé ekki sá trúnaðarmaður sem hann ætti að vera samkvæmt starfslýsingu og finnst hann gjarnan staðsettur nær stjórnendum og kennurum skólans en nemendum. Þótti ástæða til að athuga þetta frekar og farið var óskað eftir því að fulltrúar FNS fengju að taka þátt í áframhaldandi úrvinnslu með þessar ályktanir netþingsins. Ragnheiður var boðuð á fund í menntamálaráðuneyti um þessi málefni og var m.a.rætt um að námsráðgjafar þyrftu að gera starfsvettvang sinn sýnilegri og kynna hann með ítarlegri

hætti fyrir nemendum til að eyða öllum misskilningi um hlutverk hans og stöðu. Þá sinna framhaldsskólaráðgjafar gjarnan kennslu að hluta til og skilin milli þessara tveggja mismunandi starfa verða óljós í hugum nemenda. Ábendingar þessar þurfa félagsmenn að taka til athugunar og settur verður á laggirnar vinnuhópur sem fer betur ofan í saumana á þeim fyrir næsta fund sem menntamálaráðuneytið mun boða.

Staða mála við stöðlun og útgáfu SDS áhugakönnunar Holland.

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins veitti FNS styrk árið 1999 til að þýða og staðla áhugasviðspróf fyrir náms- og starfsráðgjafa. Síðari hluta styrksins var úthlutað í desember s.l. og var námi í námsráðgjöf við félagsvísindadeild HÍ veittur styrkur, 17. janúar 2001, að upphæð 125.000 kr., til áframhaldandi vinnu við LSS (Leitaðu sjálfur að starfi). Guðbjörg Vilhjálmisdóttir lektor veitti styrknum viðtöku, en hún hefur haft umsjón með verkefninu og unnið m.a. að því að afla gagna og leyfa frá PAR - útgáfuaðila SDS. Leyfið og gögnin eru í höfn en vegna manneklu og veikindafjarveru verkefnisstjóra virtist útséð um að nám í námsráðgjöf gæti séð um að ljúka verkinu. Var því leitað til Námsmatsstofnunar með verkefnið og allt því tilheyrandi þar sem því var mjög vel tekið. Ekki hefur verið gengið frá samningi um að Námsmatsstofnun sjái um áframhald verksins en flest bendir til þess að svo muni verða. Þetta verður þá fyrsta áhugakönnunin sem stöðluð er hérlandis og mikilvægt að stöðlun og útgáfa SDS verði í höndum þjónustustofnunar á þessu sviði er beri ábyrgð á henni.

Norrænt samstarf og ráðstefnur

FNS er aðili að norrænu náms- og starfsráðgjafasamtökunum. Síðastliðin 3 ár hefur stjórn samtakanna verið í höndum Íslendinga. Formaður norrænu samtakanna er Guðrún Stefánsdóttir og með henni í stjórn hafa starfað Anna Sigurðardóttir varaformaður, Anna Kristín Halldórsdóttir og Marín B. Jónsdóttir. Nú í lok apríl afhenda Íslendingar stjórnina til Finna og þakkar stjórn FNS þeim kærlega fyrir þeirra störf í þágu norræns samstarfs og í þágu okkar félagsmanna.

Ráðstefnur. Norræn ráðstefna náms- og starfsráðgjafa verður haldin í Færeyjum 12. – 15. ágúst í sumar og ber yfirskriftina “*Vejledning i livslangt perspektiv*”. Nokkur fjöldi félagsmanna FNS hefur sýnt því áhuga að mæta til ráðstefnunnar og vonandi verður hún bæði fjölmenn og fræðandi.

Tveir félagsmenn FNS sóttu alþjóðlega ráðstefnu IAVEG á 50 ára afmæli samtakanna í París s.l. haust, þær Inga Jóna Þórsdóttir og Hrönn Baldursdóttir í Fellaskóla. Hafa þær skrifað fróðlega grein um ráðstefnuna sem bíður nú birtingar í Morgunblaðinu.

Umsögn um styrk til námsefnisgerðar

Námsefnisnefnd menntamálaráðuneytisins óskaði umsagnar FNS um umsókn um styrk til námsefnisgerðar í lífsleikni á framhaldsskólastigi. Björg Kristjánsdóttir, námsráðgjafi í Menntaskólanum við Hamrahlíð tók að sér að veita umsögn um það námsefni f.h. félagsins og þakkar stjórn henni kærlega fyrir þá vinnu.

Lokaorð

Fyrsta starfsári nýrrar stjórnar er nú lokið og enginn skortur hefur verið á verkefnum á afmælisári. Náms- og starfsráðgjafar hafa nú verið í 20 ár í fagfélagi sem þykir ekki ýkja langur tími í félagasögu. Engu að síður hefur miklu verið áorkað á þessum tíma og stéttin hefur styrkt stöðu sína og álit bæði innan skólakerfisins, hjá félagasamtökum og á vinnumarkaði. Þörfin fyrir starfskrafta náms- og starfsráðgjafa hefur verið staðfest og

stjórnendur skóla, sér í lagi, hafa gert sér góða grein fyrir mikilvægi þeirra í eigin starfsliði og sífellt fleiri stjórnendur stofnana og fyrirtækja leita eftir þjónustu þeirra.

Það sem stendur upp úr eftir þetta fyrsta starfsár nýrrar stjórnar er, án alls vafa, vegleg afmælishátíð félagsins með góðri þátttöku félagsmanna, maka þeirra og boðsgesta. Þeir voru Björn Bjarnason, menntamálaráðherra og eiginkona hans, Gerður G. Óskarsdóttir, fræðslustjóri Reykjavíkur og frumkvöðull í náms- og starfsráðgjöf á Íslandi og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar. Á þessum tímamótum fann stéttin til sín og erindi gesta á hátíðinni styrkti ímynd hennar. Menntamálaráðherra gerði greinaskrif náms- og starfsráðgjafa að umtalsefni í erindi sínu þar sem lýst var m.a. fjölbreyttum starfsvettvangi og framtíðarstefnumiðum. Vil ég, sem formaður FNS, þakka þeim félagsmönnum sem tekið hafa sér penna í hönd til að lýsa störfum okkar og stefnumiðum fyrir þeirra framtak og hvet ykkur áfram til dáða á þessum vettvangi. Árangurinn lætur ekki á sér standa.

En afmælisárið er ekki liðið og fjöldi spennandi verkefna framundan. Stjórn FNS hefur óskað eftir því að koma, með beinum hætti, að undirbúningi og skipulagningu Viku símenntunar og ráðstefnu sem halda á undir lok hennar. Þar viljum við leggja áherslu á mikilvægi góðs aðgengis fyrir alla að öflugri náms- og starfsráðgjöf sem við sjáum fyrir okkur í ráðgjafarmiðstöð sem rekin verður í samstarfi hagsmunaaðila atvinnulífins, félagasamtaka, ráðuneyta og fleiri.

Hafinn er undirbúningur að haustnámskeiði FNS þar sem meginþemað verður “*Ráðgjöf í fjölmenningsamfélagi*”. Námskeiðið verður haldið í samvinnu við Evrópumíðstöð í náms- og starfsráðgjöf og með þátttöku erlendra og innlendra sérfræðinga á þessu sviði.

Ég vil, að lokum, þakka samstarfskonum mínum í stjórn og fræðslunefnd fyrir einstaklega gott og árangursríkt samstarf. Helgu Valtýsdóttur, fráfarandi gjaldkera, og Sigurjónu Jónsdóttur, sem starfað hefur með fræðslunefnd, þakka ég kærlega fyrir þeirra störf og óska alls velfarnaðar. Það hefur verið í mörg horn að líta og stjórnarkonur lagst á eitt við lausn og úrvinnslu verkefna fyrir félagið. Þá langar mig sérstaklega til að nefna það hversu vel félagsmenn hafa brugðist við beiðnum stjórnar og formanns um nefndastörf fyrir félagið og alls kyns félagsmálastörf önnur. Ég þakka ykkur kærlega fyrir ómetanlegt framlag ykkar í þágu hagsmuna Félags náms- og starfsráðgjafa og hlakka til að eiga enn frekara samstarf við ykkur.

Gleðilegt sumar góðir félagsmenn!

Reykjavík 11. apríl 2002

Svandís Ingimundar,
formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.

